

Ed.

232. Frumvarp til laga

[128. mál]

um búfjórhold í Reykjavík.

Flm.: Auður Auðuns, Alfreð Gíslason.

1. gr.

Borgarstjórn Reykjavíkur er heimilt með samþykki ráðherra að setja reglugerð um búfjórhold í Reykjavík.

Með búfjórholdinu er átt við nautgripa-, hrossa-, svína- og sauðfjórhold svo og alifuglarækt.

2. gr.

Í reglugerð má ákveða, að tiltekið búfjórhold sé algerlega bannað í borginni, takmarkað að því er snertir fjölda hvernig tegundar eða bundið við tiltekin svæði innan borgarlandsins.

3. gr.

Ákveða má í reglugerð, að hver sá, sem búfjórhold vill stunda innan borgarinnar, skuli sækja um leyfi til slíks og sé búfjórhold óheimilt án slíks leyfis. Skyld skal umsækjanda að gera grein fyrir því, hvernig geymslu búfjórins skuli hagað, og láta í té aðrar þær upplýsingar, sem borgarráð telur nauðsynlegar. Leyfi skal bundið við tiltekinn hámarksfjölda. Einnig má binda það við ákveðinn tíma eða ákveða, að það sé afturkallanlegt með tilteknum fyrirvara.

4. gr.

Ef maður heldur búfé án leyfis, skal heimilt að taka það búfé og selja á uppboði eða slátra því.

Ef leyfishafi fylgir ekki settum reglum, er borgarráði heimilt að svipta hann leyfi til búfjórholds og fara svo með búfé hans sem um ræðir í 1. mgr.

5. gr.

Nú verður aðili fyrir atvinnutjóni vegna banns eða takmarkana á búfjórholdinu, þannig að bótum varði, og skal þá greiða bætur úr borgarsjóði.

6. gr.

Í reglugerð má ákveða gjald fyrir leyfi til búfjórholds, allt að kr. 1000.00 á ári, og rennur það í borgarsjóð.

7. gr.

Brot á lögum þessum og reglugerðum, settum skv. þeim, varða sektum, allt að kr. 5000.00. Um meðferð mála út af slíkum brotum skal farið að hætti opinberra mála.

8. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Á síðastliðnu ári var að tilhlutan borgarráðs Reykjavíkur samið frumvarp til laga um búfjórhold í kaupstöðum og kauptúnum. Í greinargerð með frv. var m. a. komið svo að orði:

„Í borgarstjórn Reykjavíkur hafa öðru hvoru komið fram tillögur þess efnis, að borgarstjórn gerði ályktun um algert bann við sauðfjórholdinu í umdæminu. Þetta hefur þó ekki náð fram að ganga; veldur hvort tveggja, að meiri hluti borgarfulltrúa hefur ekki viljað aðhyllast skilyrðislaust bann, og eins hitt, að lagaheimild til slíks hefur verið talin hæpin. Þá hefur og verið bent á, að ekki væri síður ástæða til að setja skorður við annars konar búfjórhold, sem getur verið til tjóns og

ýmiss konar annarra óþæginda. Ef fara ætti inn á þá braut að reisa skorður við sauðfjárhaldi, væri einnig full ástæða til að takmarka annars konar búfjárhald.“

Frumvarpið hlaut einróma stuðning borgarstjórnar, og ákveðið var að leita álits landsþings Sambands isl. sveitarfélaga um málið.

Landsþingið, sem haldið var í ágústmánuði síðastliðnum, samþykkti einróma að mæla með frumvarpinu.

Frumvarpið er nú flutt að beiðni borgarráðs Reykjavíkur. Að flutningi þess standa eingöngu þingmenn úr Reykjavík, sem jafnframt eru þar borgarfulltrúar, og þykir að svo stöddu ekki ástæða til að láta það taka til annarra sveitarfélaga. Ef önnur sveitarfélög láta í ljós sérstakar óskir um sams konar heimildir og frumvarpið gerir ráð fyrir, er auðvelt að breyta frumvarpinu að því leyti.

Eins og frumvarpið ber með sér, er hér um heimildarlög að ræða og því á valdi borgarstjórnar og ráðherra að ákveða, að hve miklu leyti heimildir frumvarpsins verða notaðar.